

Greiðslutrygging A1

Vátryggingarsamningurinn

Um vátryggingu þessa gildir það sem fram kemur í:

- Vátryggingarskírteini
- Vátryggingarskilmálum, þ.e.:
 - hugsanlegum sérskilmálum, sem koma fram í vátryggingarskírteini
 - skilmálum þessum
- Lögum nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Vátryggingarskírteinið hefur að geyma nánari ákvæði vátryggingarsamningsins sem ekki koma fram í skilmálum þessum. Sérskilmálar í vátryggingarskírteini útvíkka, takmarka eða afmarka nánar gildissvið vátryggingarinnar umfram það sem kemur fram í skilmálum þessum. Að öðru leyti en fram kann að koma í sérskilmálum gilda ákvæði skilmála þessara um vátrygginguna.

Í tilvikum þar sem ákvæðum um sama efni ber ekki saman gilda ákvæði í vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun framar ákvæðum vátryggingarskilmála og sérskilmálar ganga framar almennum skilmálum, þó þannig að sértækar reglur ganga ávallt framar almennum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framar frávikjanlegum lagaákvæðum.

Tjónagrunnur:

Tiltekna upplýsingar um tjón sem tilkynnt eru í trygginguna eru færðar í tjónagrunn sem Samtök fjármálafyrirtækja reka samkvæmt sérstöku leyfi frá Persónuvernd. Sjóvá-Almennar tryggingar bera ábyrgð á vinnslu upplýsinganna en Creditinfo er vinnsluaðili þeirra. Tilgangur vinnslu upplýsinga í tjónagrunninum er að stemma stigu við tryggingarsvikum og koma í veg fyrir ofgreiðslu tryggingarbóta. Þessar upplýsingar eru skráðar í tjónagrunninn:

- Kennitala tjónþola
- Númer máls hjá félaginu
- Tegund tryggingar
- Tegund tjóns
- Dagsetning tjóns
- Dagsetning skráningar í grunninn
- Nafn viðkomandi vátryggingarfélags
- Staðsetningu tjóns
- Einkvæmt númer þess tryggða, s.s. ökutækis.

Starfsmenn tryggingafélaga sem starfa að tjónauppgjöri hafa einir aðgang að upplýsingum í grunninum. Upplýsingunum verður eytt þegar ekki er lengur þörf fyrir þær í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar tíu ár eru liðin frá skráningu.

Efnisyfirlit

Sameiginleg ákvæði 3

1.gr.	Samningur um greiðslutryggingu - Hverjir eru vátryggðir?	3
2.gr.	Vátryggingarbeiðni	3
3.gr.	Upphaf og lok ábyrgðar félagsins	3
4.gr.	Vátryggingarfjárhæðir	3
5.gr.	Iðgjald, iðgjaldagreiðslur og staðfesting vátryggingar	3
6.gr.	Breytingar vátryggingarskilmála og uppsögn	3
7.gr.	Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar	3
8.gr.	Fyrning	4
9.gr.	Réttur til uppsagnar á vátryggingartímanum	4
10.gr.	Ágreiningur	4
11.gr.	Varnarþing	4
12.gr.	Vernd persónuupplýsinga	4
13.gr.	Bótageiðslur vegna starforkumissis	5
14.gr.	Ráðstafanir vegna heilsutjóns	5
15.gr.	Vátryggður veldur vátryggingaratburði	5
16.gr.	Takmarkanir á ábyrgð félagsins	5
17.gr.	Frestur til að tilkynna um vátryggingaratburð	6

Líftrygging 6

18.gr.	Líftryggingarbætur	6
19.gr.	Takmarkanir á ábyrgð vegna líftryggingar	6
20.gr.	Rétthafi líftryggingarbóta	6

Sameiginleg ákvæði

1.gr. Samningur um greiðslutryggingu - Hverjir eru vátryggðir?

Greiðslutrygging er samsett vátrygging annars vegar vátrygging vegna tímabundins starfsorkumissis af völdum slyss eða sjúkdóms og hins vegar líftrygging. Hún gildir fyrir þann hóp sem tilgreindur er í samningi um vátrygginguna milli Íslandsbanka hf. annars vegar hér eftir nefndur bankinn og hins vegar Sjóvá-Almennta líftrygginga hf. hér eftir nefnt félagið.

Grundvöllur vátryggingarsamningsins eru skilmálar þessir, upplýsingar á vátryggingarbeiðninni og önnur gögn sem tengjast samningnum.

2.gr. Vátryggingarbeiðni

Umsækjandi um aðild að vátryggingunni undirritar vátryggingarbeiðni fyrir vátryggingartöku.

3.gr. Upphaf og lok ábyrgðar félagsins

Ábyrgð félagsins gagnvart vátryggðum hefst á miðnætti þess dags sem vátryggingarbeiðnin er undirrituð og hefur borist félaginu. Félagið gefur út vátryggingaskírteini til staðfestingar tryggingunni.

Ábyrgð félagsins gagnvart vátryggðum fellur úr gildi án sérstakrar uppsagnar þegar viðeigandi greiðsluþjónustusamningi lýkur, en þó aldrei síðar en í lok þess mánaðar eftir að vátryggður hefur náð 60 ára aldri. Þá lýkur ábyrgð félagsins ef ekki er staðið skil á greiðslum samkvæmt viðeigandi greiðsluþjónustusamningi í samfellda þrjá mánuði og iðgjald vátryggingarinnar er ógreitt.

4.gr. Vátryggingarfjárhæðir

Vátryggingarfjárhæð vegna starfsorkumissis er 165% mánaðarlegra útgjalda skv. greiðsluþjónustusamningi, að hámarki 330.000 krónur. Líftryggingarfjárhæð er jöfn tíföldum mánaðarlegum útgjöldum skv. greiðsluþjónustusamningi, að hámarki kr. 2.500.000. Vátryggingarfjárhæð er skráð á vátryggingarbeiðni eins og hún er við gildistöku. Vátryggingarfjárhæðin tekur breytingum í samræmi við breytingar á 12 mánaða jöfnun greiðslna samkvæmt greiðsluþjónustusamningi. Bankinn sendir reglulega upplýsingar til félagsins um fjárhæð mánaðarlegra útgjalda skv. greiðsluþjónustusamningi.

Breytingar á vátryggingarfjárhæðum taka gildi 1. dag þess mánaðar sem 12 mánaða jöfnun breytist en slík breyting getur þó aldrei orðið afturvirk. Hækkun á vátryggingarfjárhæð gildir þó ekki vegna sjúkdóma sem hafa verið greindir eða sýnt einkenni fyrir gildistöku hækkunar né vegna afleiðinga slysa sem orðið hafa fyrir hækkun vátryggingarfjárhæðar. Í slíkum tilvikum gildir sú vátryggingarfjárhæð sem var síðast í gildi fyrir einkenni/greiningu sjúkdóms eða fyrir slysdag. Gildir þetta jafnt gagnvart vátryggingu vegna starfsorkumissis og líftryggingu.

5.gr. Iðgjald, iðgjaldagreiðslur og staðfesting vátryggingar

Iðgjald fyrir vátrygginguna ákveðst samkvæmt gildandi iðgjaldaskrá á hverjum tíma. Iðgjaldið innheimtist mánaðarlega af félaginu. Félaginu er heimilt að fela bankanum innheimtu iðgjalda vegna tryggingrinnar.

6.gr. Breytingar vátryggingarskilmála og uppsögn

Félagið hefur heimild til að breyta skilmálum og iðgjaldi. Slíkar breytingar skal tilkynna vátryggðum með minnst 60 daga fyrirvara.

Vátryggður getur hvenær sem er samningstímans sagt aðild sinni að vátryggingunni upp. Skal það gert skriflega til félagsins með minnst 30 daga fyrirvara.

7.gr. Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar

Upplýsingar um áhættuna

Hafi vátryggingartaki eða líftryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu og vátryggingaratburður orðið ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004.

Hafi váttryggingartaki eða líftryggður með öðrum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 2. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004.

Upplýsingar við uppgjör bóta

Sá sem við tjónsuppgjör veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta glatar öllum rétti á hendur félaginu samkvæmt þessum og öðrum váttryggingarsamningum vegna hins tiltekna váttryggingaratburðar, sbr. 2. mgr. 120. gr. laga nr. 30/2004. Í slíkum tilvikum getur félagið sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við viðkomandi með einnar viku fyrirvara.

8.gr. Fyrning

Kröfur um bætur úr váttryggingu þessari fynrast samkvæmt reglum 125. gr. laga nr. 30/2004.

9.gr. Réttur til uppsagnar á váttryggingartímanum

Félagið getur sagt upp váttryggingunni, ef einhver eftirtalinna atvika eiga við:

1. ef gefnar hafa verið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um áhættuna, með 14 daga fyrirvara, sbr. 84. og 76. gr. laga nr. 30/2004;
2. ef váttryggingartaki hefur viðhaft svíksamlega háttsemi við upplýsingagjöf til félagsins um áhættuna, án fyrirvara, sbr. 84. og 76. gr. laga nr. 30/2004;

Váttryggingartaki getur slitið samningnum hvenær sem er, sbr. 1. mgr. 75. gr. laga nr. 30/2004.

10.gr. Ágreiningur

Verði ágreiningur um váttrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningi sem Ísland er bundið af.

Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum sker úr ágreiningi um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atríði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum er vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu og má nálgast upplýsingar og málskotseyðublað vegna nefndarinnar á vefsíðunum www.fme.is og www.sjova.is, auk fyllri upplýsinga um starfssvið og starfsháttu hennar.

Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum skerðir ekki rétt málskotsaðila til þess að leggja málið fyrir almenna dómstóla.

11.gr. Varnarþing

Varnarþing félagsins er í Reykjavík. Mál sem kunna að rísa á hendur félaginu út af váttryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

12.gr. Vernd persónuupplýsinga

Samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 á sá sem upplýsingar eru skráðar um rétt á að fá upplýsingar hjá félaginu um vinnslu persónuupplýsinga um sig auk þess sem hann á rétt á því að félagið leiðrétti rangar, villandi eða ófullkomnar upplýsingar.

Félagið notar þær persónuupplýsingar sem aflað er vegna váttryggingar þessarar aðeins við mat á váttryggingarbeiðnum, í því skyni að meta þörf á váttryggingavernd og veita váttryggingartaka ráðgjöf um val á váttryggingum, við afgreiðslu bótakrafna, upplýsingagjöf til váttryggingartaka og við aðra eðlilega starfsemi félagsins.

Félagið leggur ríka áherslu á öryggi og trúnað við meðferð persónuupplýsinga. Upplýsingar um viðskiptavini félagsins eru ekki afhentar þriðja manni nema samkvæmt skýru umboði, lögum eða dómsúrskurði.

Vátrygging vegna tímabundins starfsorkumissis

13.gr. Bótageiðslur vegna starforkumissis

Valdi slys eða sjúkdómur vátryggðum tímabundnum missi starfsorku, sem metinn er að lágmarki 50%, greiðir félagið mánaðarlegar bætur inn á greiðsluþjónustureikning vátryggðs hjá bankanum að liðnum biðtíma sem er 90 dagar og meðan starfsorkumissirinn varir þó að hámarki í 360 daga.

Þegar sjúkratímabil eru fleiri en eitt gildir sú regla að sjúkratímabilin eru lögð saman og bætur eru ekki greiddar lengur en samanlagt í 360 daga. Þegar nýtt sjúkratímabil hefst styttest biðtíminn um samanlagða lengd sjúkratímabila sem voru lengri en 14 dagar. Fyrir hið nýja sjúkratímabil gildir þó minnst 14 daga biðtími. Að loknum 360 daga bótageiðslum verður líftryggingin ein áfram í gildi.

Iðgjaldageiðslur falla niður fyrir sama tímabil og bætur eru greiddar vegna starfsorkumissis.

Félagið metur starfsorkumissinn og varanleika hans á grundvelli læknisvottorða og annarra gagna sem fyrir liggja.

Við 100% missi starfsorku greiðast mánaðarlegar bætur að fullu en við starfsorkumissi, 50% og hærri, sami hundraðshluti vátryggingarfjárhæðar og nemur starfsorkumissinum. Fjárhæð mánaðarlegra bóta miðast við vátryggingarfjárhæð sem gildir á slysdegi eða upphafsdegi sjúkratímabils, sbr. þó ákvæði 4.gr. um hækkun vátryggingarfjárhæðar.

14.gr. Ráðstafanir vegna heilsutjóns

Vátryggður skal leita læknis strax eftir að heilsutjón hefur borið að höndum, samþykka að gangast undir nauðsynlegar læknisaðgerðir og fara í einu og öllu að fyrirmælum læknis.

Félagið hefur rétt til að láta ráðgjafalækni sinn skoða vátryggðan. Tilkynna skal félaginu um heilsutjón án tafar á þar til gerðum eyðublöðum.

Félagið hefur hvenær sem er rétt til þess að krefjast allra þeirra vottorða og gagna sem það telur nauðsynlegt til að sannreyna greiðsluskyldu sína samkvæmt vátryggingu þessari. Félagið greiðir venjubundinn kostnað við öflun læknisvottorða, sem eru nauðsynleg til afgreiðslu málsins að mati félagsins.

15.gr. Vátryggður veldur vátryggingaratburði

Ásetningur

Ef vátryggður hefur af ásetningi valdið því að vátryggingaratburður varð ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 89. gr. laga nr. 30/2004.

Stórkostlegt gáleysi

Hafi vátryggður valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004.

16.gr. Takmarkanir á ábyrgð félagsins

Vátryggingin bætir ekki starforkumissi vegna afleiðinga:

- slys eða sjúkdóma sem beint eða óbeint má rekja til ástands vátryggðs fyrir töku vátryggingarinnar.
- slys sem verða í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum.
- slys sem verða í flugi, nema vátryggður sé farþegi í áætlunar- eða leiguflugi á vegum aðila sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálayfirvalda. Sama gildir um slys sem verða í svif- eða drekaflugi.
- slys sem vátryggður verður fyrir í handalögmáli, við þátttöku í refsiverðum verknaði, eða undir áhrifum deyfi- eða eiturfylfa eða í ölæði, nema sannað sé að ekkert samband hafi verið milli ástands þessa og slyssins.
- slys eða sjúkdóma sem verða vegna lækningarmeðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar nema það sé að læknisráði.
- slys eða sjúkdóma sem orsakast af notkun áfengis eða deyfi- og eiturfylfa.

- slysa eða sjúkdóma af völdum hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira.

17.gr. Frestur til að tilkynna um vátryggingaratburð

Vátryggður glatar rétti til bóta ef:

- hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á;
- hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað, sbr. 124. gr. laga nr. 30/2004.

Líftrygging

18.gr. Líftryggingarbætur

Ef vátryggður deyr á vátryggingartímanum greiðir félagið dánarbætur í einu lagi til rétthafa.

19.gr. Takmarkanir á ábyrgð vegna líftryggingar

Svipti vátryggður sig lífi innan árs frá töku vátryggingarinnar er félagið laust úr ábyrgð. Ef vátryggingarfjárhæð er hækkuð gildir þetta ákvæði einnig gagnvart hækkuninni í eitt ár, hverju sinni.

Vátryggingin bætir ekki dauðsföll af völdum hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa, þar með talið vegna sýkla og veira. Sama gildir um dauðsföll af völdum kjarnorku, jónandi geislunar og geislavirkra efna.

20.gr. Rétthafi líftryggingarbóta

Rétthafi er maki vátryggðs. Ef vátryggður er ekki í hjúskap er rétthafi sambúðarmaki sem þannig er skráður í þjóðskrá. Sameiginlegt lögheimili sambúðarfólks eða sambúð eftir öðrum ótvíræðum gögnum lengur en eitt ár skal lagt að jöfnu við skráningu sambúðar í þjóðskrá.

Ef vátryggður var hvorki í hjúskap eða í sambúð skv. ofangreindri skilgreiningu þegar hann lést gilda ákvæði XV. kafla laga nr. 30/2004 um rétt til greiðslu frá félaginu.

Skilmálar þessir gilda frá 1. janúar 2010

[Efst á skjal](#)